

Nr. 453

15. maí 2006

AUGLÝSING um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frístundabyggð í landi Fells, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. maí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 26 ha svæði úr landi Fells breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. maí 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2006